

Fræðitexti: Prep 3

(3.–4 .bekkur)

UPPBÝGGING TEXTA				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1	Texti inniheldur sex eða færri málsgreinar.	Texti inniheldur sjö til níu málsgreinar.	Texti inniheldur tíu málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar	2	Texta er ekki skipt upp í efnisgreinar.		Texta er skipt upp í efnisgreinar.
Málsgreinar	3	Upphaf og lengd málsgreina er einhæf.	Upphaf eða lengd málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.
Tengiorð	4	Eitt tengiorð er notað.	Tvö til þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. fjögur mismunandi tengiorð eru notuð.
Greinarmerki	5	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er sjaldnast rétt eða ekki notuð.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er yfirleitt rétt.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er rétt.
Athugasemdir				

EINKENNI TEXTATEGUNDAR				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Fyrirsögn	6	Engin fyrirsögn er á textanum.	Fyrirsögn er á textanum en hún endurspeglar ekki innihald textans.	Lýsandi fyrirsögn er á textanum.
Meginmál	7	Texti er án upplýsinga um viðfangsefni.	Texti inniheldur upplýsingar um viðfangsefni.	Upplýsingar í texta gefa góða mynd af viðfangsefni.
Athugasemdir				

MÁLNOTKUN				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	8	Málfar er í slakara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar.	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar.	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar.
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	9	Málsnið tekur að litlu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.	Málsnið tekur að mestu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.	Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.
	10	Nauðsynlegar upplýsingar skortir til að viðtakandi geti fylgt eftir efni texta.	Nauðsynlegar upplýsingar eru yfirleitt veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir efni texta.	Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir efni texta.
	11	Ósamræmi er í notkun tíðar í texta.	Samræmi í notkun tíðar er yfirleitt til staðar í texta.	Samræmi er í notkun tíðar í texta.
Orðaval	12	Orðaval er huglægt og gildishlaðið.	Orðaval er að mestu leyti hlutlaust og laust við gildishlaðin orð.	Orðaval er hlutlaust og laust við gildishlaðin orð.
Athugasemdir				

SKRÁNING				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	13	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru stundum rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru yfirleitt rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.
Skrift	14	Skrift er stundum læsileg þannig að merking texta kemst stundum til skila.	Skrift er yfirleitt læsileg þannig að merking texta kemst yfirleitt til skila.	Skrift er læsileg þannig að merking texta kemst til skila.
Athugasemdir				